



Skólasókn - skólaforðun, þörf á opinberum viðmiðum

Könnun og tillögur Velferðarvaktar

Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar

Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

Hilton Reykjavík Nordica 10. -11. september 2020.

Velferðarvaktin

- Velferðarvaktin var stofnuð 2009.
- ...“fylgjast með félagslegri- og fjárhagslegri stöðu einstaklinga og fjölskyldna í landinu með áherslu á velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, einkum einstæðra foreldra og barna þeirra. Velferðarvaktin afli upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sárafatækt og skoði með hvaða hætti draga meggi úr henni. Velferðarvaktin taki auk þess til skoðunar önnur mál eftir atvikum sem talið er að þarfnist frekari umfjöllunar og mögulega tillögur þar um.“
- „Velferðarvaktin er óháður ráðgefandi fyrir félags- og barnamálaráðherra, sem og stjórnvöld og skal leggja eftir atvikum fram tillögur til úrbóta sem stjórnvöld taki afstöðu til hverju sinni.“
- Að henni standa frjáls félagasamtök, aðilar vinnumarkaðarins, ráðuneyti, ríkisstofnanir og sveitarfélögin.

Brotthvarf - Skólaforðun

- Brotthvarf úr framhaldsskólum.
- Brotthvarf úr grunnskólum.
- Skýrsla *Teymis um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og neðstu bekkjum framhaldsskóla* frá 2017/2018 (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/lokaeintak_skyrsla_teymis_um_skolafordun_4.april_.pdf)

Bréf umboðsmanns barna frá 19. mars 2018

Til mennta- og menningarmálaráðherra, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga og forstjóra Menntamálastofnunar:

- Í kafla 7.3. aðalnámskrár er „fjallað um þá skyldu sveitarfélaga að sjá til þess að skólaskyld börn fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra. Kemur þar fram að nemendur með sérþarfir teljist þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.“

Bréf umboðsmanns barna frá 19. mars 2018

- Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða umboðsmanns barna að um skýlaus brot á grunnskólalögum og ákvæðum Barnasáttmálans sér að ræða þegar börn á skólaskyldualdri eru utangarðs í skólakerfinu og fá þar að leiðandi ekki notið réttar síns til menntunar og jafnra tækifæra.“
- Óskar eftir því að brugðist verði við þessum „brýna vanda og sjái til þess að staða barna sem eru utan skólakerfisins sé greind sérstaklega. Í því skyni verði kortlagt hversu mörg börn um ræðir og hverjar eru helstu ástæður þess að börn sæki ekki skóla. Í kjölfarið verði fundnar leiðir til að bregðast við með viðunandi hætti þannig að mannréttindi barna séu virt.“

Könnun á skólasókn - skólaforðun

- Velferðarvakt fól Maskínu framkvæmd könnunar. Birgir Rafn Baldursson.
- Könnun fór fram 18. janúar 11. febrúar 2019.
- Könnun send með tölvupósti á skólastjóra allra grunnskóla landsins.
- Aðstoð frá Djúpavogsskóla og Valhúsaskóla.
- Alls svöruðu 135 sem gerir 78,5% svarhlutfall.
- Spurningar um skólaforðun – skólasókn.

Skilgreining á skólaforðun

Skólaforðun er þegar barn eða unglíngur forðast að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skólalag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma s.s. mætir ekki skólann vegna tilfinningalegra erfiðleika, til að forðast aðstæður, til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu eða vegna þess að aðrir staðir eru áhugaverðari (*Úr skýrslu Teymis um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og neðstu bekkjum framhaldsskóla frá 2017/2018*).

Niðurstaða könnunar, áætlaður fjöldi 2,2% eða **995 börn**

Helstu niðurstöður könnunar á skólasókn - skólaforðun

- 79% skólastjórnenda segja að leyfisóskum foreldra/forsjáraðila vegna fría innanlands og erlendis á skólatíma hafi fjölgað á síðustu árum.
- Rúm 74% skólastjórnenda telja að foreldrar/forsjáraðilar hafi of rúmar heimildir til að fá leyfi frá skólasókn fyrir börn sín.
- 78% skólanna hefur aldrei hafnað því að gefa nemendum leyfi frá skólasókn vegna fría.
- Tæp 79% skólastjórnenda segjast mjög hlynntir eða frekar hlynntir því að sett verði opinber viðmið, t.d. fjöldi daga, um leyfisveitingar vegna fría á skólatíma.

Fyrirspurn til menntamálaráðuneytisins frá 21. mars 2000

Vísað er til bréfs (ódagsett) þar sem spurst er fyrir um rétt foreldra til að taka börn sín tímabundið úr skóla vegna ferðalaga. Í svari menntamálaráðuneytisins kom m.a. fram:

Í þessu sambandi skal vísað til 6. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla þar sem segir að forráðamaður skólaskylds barns beri ábyrgð á að það innritist í skóla og sæki skóla. Samkvæmt 8. gr. getur forráðamaður skólaskylds barns tekið það tímabundið úr skóla og skólastjóri, að höfðu samráði við umsjónarkennara, heimilað það ef gildar ástæður eru til þess. Í greinargerð með frumvarpinu eru tilfærð sem dæmi um gildar ástæður keppnisferðir í íþróttum, aðstoð við bændur á álagstímum og aðrar tímabundnar fjarvistir sem skólastjóri metur gildar.


Menntamálaráðuneytið lítur svo á að fjölskylduferðir geti verið gildar ástæður í þessu sambandi enda hefur sú hefð skapast að foreldrar geti tekið börn sín með t.d. í skíðaferðir eða aðrar skemmtiferðir til útlanda. Í 8. gr. grunnskólalaganna kemur skýrt fram að foreldrar/forráðamenn séu ábyrgir fyrir því að nemandinn vinni upp það sem hann missir úr námi á meðan á undanþágu frá skólasókn stendur.

Helstu niðurstöður könnunar


6. Myndir þú segja að fjarvera þessara nemenda [sem fara í frí á skólatíma að beiðni forsjáraðila] komi almennt mikið eða lítið niður á námi þeirra?

	Fjöldi	%
Alls engin áhrif (5)	1	0,8%
Mjög lítið (5)	3	2,3%
Fremur lítið (4)	11	8,3%
Í meðallagi (3)	56	42,1%
Fremur mikið (2)	55	41,4%
Mjög mikið (1)	7	5,3%
Gild svör	133	100,0%
Svöruðu ekki	2	1,5%
Heildarfjöldi	135	100,0%

Eftirfarandi texti birtist svarendum á undan spurningunni:
„Næsta spurning er um þá nemendur sem fara í frí á skólatíma að beiðni forsjáraðila.“




Meðaltal: 2,62
Vikmörk (±): 0,14
Staðalfrávik: 0,83



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti valmöguleikinn fær gildið 5, neðsti valmöguleikinn gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Helstu niðurstöður könnunar

11. Getur þú áætlað fjölda barna í þínum skóla þar sem skólasókn barns ber merki um skólaforðun?



Hlutfall barna: 2,2%

Áætlaður fjöldi barna: 995

Samkvæmt Hagstofu Íslands var fjöldi grunnskólabarna 45.195 skólaárið 2017-2018. Því er áætlaður fjöldi barna sem bera merki um skólaforðun 995 börn.

Spurningin var opin og svör svarenda flokkuð eftir á.

Svarendur fengu eftirfarandi skilgreiningu á skólaforðun:
„Skólaforðun er þegar barn eða unglingur forðast að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma s.s. mætir ekki skólann vegna tilfinningalegra erfiðleika, til að forðast aðstæður, til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu eða vegna þess að aðrir staðir eru áhugaverðari.“


Helstu niðurstöður könnunar

12. Hversu mikið eða lítið vandamál telur þú að skólaforðun sé í grunnskólanum þínum?

	Fjöldi	%
Alls ekkert vandamál (5)	5	4,0%
Mjög lítið (5)	33	26,4%
Fremur lítið (4)	29	23,2%
Í meðallagi (3)	34	27,2%
Fremur mikið (2)	22	17,6%
Mjög mikið (1)	2	1,6%
Gild svör	125	100,0%
Svöruðu ekki	10	7,4%
Heildarfjöldi	135	100,0%

Svarendur fengu eftirfarandi skilgreiningu á skólaforðun:

„Skólaforðun er þegar barn eða unglingur forðast að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma s.s. mætir ekki skólann vegna tilfinningalegra erfiðleika, til að forðast aðstæður, til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu eða vegna þess að aðrir staðir eru áhugaverðari.“



Meðaltal: 3,63
Vikmörk (±): 0,20
Staðalfrávik: 1,14



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti valmöguleikinn fær gildið 5, neðsti valmöguleikinn gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Helstu niðurstöður könnunar

Miða skólasóknarreglurnar að því að hægt sé að greina fjölda barna sem sýna einkenni skólaforðunar?

Já 66,7% Nei 24,2% Nei, en stendur til 9,2%

Finnst þér það mikilvægt eða lítilvægt að samræma fjarvistaskráningu um allt land til að mögulegt verði að meta umfang skólaforðunar?


Mjög mikilvægt/fremur mikilvægt: 69,6%

Eru til viðmið eða verklag sem gripið er til að hálfu skólans þegar upp koma tilvik um skólaforðun?

Já 83,5% Nei 16,5%

Helstu niðurstöður könnunar


18. Hefur komið upp tilvik á síðastliðnu ári þar sem grunnskólinn þinn hefur haft samband við barnavernd vegna gruns um skólaforðun nemenda?



Svarendur fengu eftirfarandi skilgreiningu á skólaforðun:

„Skólaforðun er þegar barn eða unglíngur forðast að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladað eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma s.s. mætir ekki skólann vegna tilfinningalegra erfiðleika, til að forðast aðstæður, til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu eða vegna þess að aðrir staðir eru áhugaverðari.“

19. Hverjar telur þú vera helstu ástæður skólaforðunar nemenda í þínum skóla?




Svarendur fengu eftirfarandi skilgreiningu á skólaforðun:

„Skólaforðun er þegar barn eða unglingur forðast að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma s.s. mætir ekki skólann vegna tilfinningalegra erfiðleika, til að forðast aðstæður, til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu eða vegna þess að aðrir staðir eru áhugaverðari.“

Spurningin var opin og svarendur skrifuðu inn sín svör sem voru svo flokkuð eftir. Svörin í heild sinni má sjá undir flípanum „Opin svör“.

Hér var hægt að nefna fleiri en einn þátt.

20. Til hvaða úrræða hefur skólinn gripið vegna skólaforðunar?



Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika.

Svarendur fengu eftirfarandi skilgreiningu á skólaforðun:

„Skólaforðun er þegar barn eða unglingur forðast að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma s.s. mætir ekki skólann vegna tilfinningalegra erfiðleika, til að forðast aðstæður, til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu eða vegna þess að aðrir staðir eru áhugaverðari.“

Svör flokkuð undir „Annað“ má finna undir flípanum „Opin svör“.

Tillögur Velferðarvaktarinnar

- Sett verði af stað vinna með það að markmiði að **fyrirbyggja skólaforðun** og koma til móts við þau börn sem glíma við hana með auknum beinum stuðningi, úrræðum og forvörnum innan skólanna í samstarfi skóla-, heilbrigðis- og félagsþjónustu.
- Sett verði af stað vinna við að **samræma fjarvistaskráningu** um allt land svo fylgjast megi með umfangi skólaforðunar.
- Sett verði af stað vinna sem miði að því að **setja opinber viðmið** um skólasókn á Íslandi og/eða auka heimildir skólastjórnenda til að hafna leyfisóskum.
- Ýtt verði undir **viðhorfsbreytingu** um að borin sé virðing fyrir skólasókn barna.

Bréf til Velferðarvaktarinnar frá mennta- og menningarmálaráðherra 11. júní 2019

Sett hefur verið af stað vinna í ráðuneytinu við heildarendurskoðun á 16. kafla aðalnámsskrár grunnskóla frá 2011 um undanþágur frá skyldunámi en ýmsar ábendingar hafa komið fram um að þörf sé á endurskoðun kaflans, m.a. í tengslum við könnun Velferðarvaktarinnar....

Eitt lykilverkefna verður að yfirfara gildandi viðmið um leyfisveitingar skólastjóra og þrengja þær eins og kostur er í góðri samfélagslegri sátt, m.a. í samræmi við fyrirkomulag í nágrannalöndum. ...

Áfram verður fjallað um skólaforðun í stýrihópnum á næstunni og verður settur á laggirnar undirhópur um málið sem hafi víðtækt samráð við hagsmunaaðila um úrvinnslu þess.

...Samband íslenskra sveitarfélaga taki að sér að leiða slíka vinnu en í mörgun sveitarfélögum og skólum er þegar unnið eftir samræmdri fjarvistaskráningu.

Tillögur ræddar í stýrihópi stjórnarráðsins um málefni barna

Stýrihópur:

Erna Kristín Blöndal, án tilnefningar, formaður

Elísabet Gísladóttir, tilnefnd af dómsmálaráðherra

Faney Karlsdóttir, tilnefnd af forsætisráðherra

Guðni Olgeirsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra

Gústav Aron Gústavsson, tilnefndur af samgöngu- og sveitastjórnarráðherra

Ingibjörg Sveinsdóttir, tilnefnd af heilbrigðisráðherra

Þór G. Þórarinsson, tilnefndur af félags- og barnamálaráðherra

Í apríl 2020 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra vinnuhóp sem m.a. skal skilgreina þarfir skólasamfélagsins fyrir **miðlægt skráningarkerfi grunnskólanemenda**. Hópurinn mun m.a. skoða hversu umfangsmikið skráningarkerfið skuli vera, til að mynda hvort skrá skuli skólasókn, fjarvistir og aðrar ástæður þeirra

Í ágúst 2020 hélt mennta- og menningarmálaráðuneytið **rýnifund um endurskoðun kafla 16** í aðalnámskrá grunnskóla, sem er kaflinn um undanþágur frá m.a. skólasókn. Framhald á næstunni.

Í janúar 2020 kom út skýrslan *Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðning við börn og ungmenni í skólastarfi*.

Starfshópur á vegum embættis landlæknis, vann tillögurnar og skilaði niðurstöðum sínum til heilbrigðisráðherra. Tillögur hópsins hafa einnig verið kynntar fyrir mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra.

Áhugi meðal skóla að fara í verkefni til að minnka skólaforðun.

Takk fyrir